

Vefurinn Finndu leið! sameinar allar göngu, hlaupa og hjólaleiðir á landinu.

**Til** : thorkelsdottir@gmail.com;jontryggvi@jontryggvi.is;arnor.ragnarsson13@gmail.com;katrinduasig@gmail.com  
**Frá** : finnduleid@gmail.com  
**Heiti** : Vefurinn Finndu leið! sameinar allar göngu, hlaupa og hjólaleiðir á landinu.  
**Málsnúmer** : 2017050095  
**Málsaðili** : Arnór Aðalsteinn Ragnarsson  
**Skráð dags** : 15.05.2017 20:02:11  
**Höfundur** : finnduleid@gmail.com

**Viðhengi** finnduleid\_hlaupum\_admin.mp4finnduleid\_hlaupum\_admin.mp4

Góðan dag,

Við erum fjögurra manna hópur úr vefskólanum sem erum að útskrifast í næstu viku úr vefþróun.

[Finndu leið!](#) Er útskriftaverkefnið okkar. Við leitum nú til þeirra sem við teljum að gætu haft áhuga og/eða hagsmuni af því að kynnst verkefninu okkar.

Stutt lýsing á verkefninu:

*Finndu leið!* er lendingarsíða sem heldur utan um þrjá vefi: Göngum, Hlaupum og Hjólum. Vefirnir þrír halda utan um göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir á öllu landinu.

Vefurinn er fyrir fólk sem kýs að hreyfa sig úti í náttúrunni og vill vita hvert það er að fara. Notendur geta leitað að leiðum við sitt hæfi með síu. Hægt er að velja landshluta, pósthúmer, kílómetrafjölda og gps-staðsetningu sem birtir leiðir sem eru innan við 5 km radíus frá notandanum. Vefirnir birta leiðirnar á Google Map korti með auðveldu aðgengi að upplýsingum í gegnum alla skjái. Notendur með opið Instagram geta taggað Instagram myndirnar sínar þannig að þær birtast á síðunum. Hvert þema hefur sitt eigið #hastag og því hægt að skoða myndasafn inn á hverri leið.  
#gongum #hlaupum #hjolum

Við viljum að fólk hvetji hvort annað áfram á skemmtilegan hátt í gegnum samfélagsmiðla og hefur því verkefnið möguleika á að samtvinna gott aðgengi upplýsinga og skemmtunar.

### **En hver er aðkoma hagsmunaaðila / áhugamanna / sveitafélaga / fyrirtækja?**

Við ákváðum að búa til svokalla Admin svæði með hverjum vef þar sem notendur geta skráð sig inn og í þeim skrefum útbúið leið í gangagrunninn.

Nokkur dæmi um notkun:

1. Sveitafélag gæti sett inn allar gönguleiðir á sínu svæði og nýtt sér vefinn til að fá fleiri til að kynna bæinn sinn.
2. Þjálfari í skokkhóp gæti sett inn þær hlaupaleiðir sem hópurinn hleypur og þannig nýtt sér vefinn til að kynna fyrir nýliðum og hvetja fleiri til að vera með.
3. Fyrirtæki gæti sett inn hjólaleið fyrir ákveðinn atburð og birt á vefnum.

4. Áhugamanneskja um hlaup gæti sett inn sínar uppáhalds hlaupaleiðir til að hvetja fleiri til að koma út að hlaupa!

Meðfylgjandi í þessum pósti er stutt myndband sem sýnir hversu auðvelt er að setja inn leiðir, endilega kynnið ykkur það og þeir sem hafa áhuga geta haft samband með því að svara þessum pósti.

Eins langar okkur að bjóða áhugasömum að mæta á útskrifatarsýninguna okkar sem verður kl. 18 nk. fimmtudag í Bíó Paradís. Það verður hægt að kynna sér verkefnið nánar og spjalla við okkur :)

Vefurinn fór í loftið fyrir nokkrum dögum síðan og við erum að vinna við að leysa þau vandamál sem koma upp og erum opin fyrir ábendingum frá ykkur.

Mikið væri gaman ef við gætum saman fyllt vefina af leiðum og komið þessum gagnlegu upplýsingum á einn stað. Og enn fremur hvatt fólk áfram í hreyfingu og útiveru :)

Við hvetjum alla til að áfram senda póstinn á fleiri sem gætu verið áhugasamir um verkefnið.

Með von um jákvæð svör!

*Finndu leið!* teymið Arnór A. Ragnarsson, Birna Þorkelsdóttir, Jón Tryggvi Unnarsson og Katrín Dúa Sigurðardóttir.

-----

Ef þessi póstur á ekki erindi við þig þá byðjumst við velvirðingar á því en hafðu ekki áhyggjur því það verða ekki fleiri sendir ;)